

Miðannarmat - uppgjör

1 ALMENNT

Þessi vinnulýsing segir til um uppgjör á miðannarmati í öllum bekkjum, stöðu nemenda í námi á miðri önn. Þeir sem bera ábyrgð á uppgjörinu eru aðstoðarskólameistari, brautarstjórar, kennarar sem skrá matið í upplýsingakerfið Innu og skrifstofustjóri sem tekur saman niðurstöður.

2 FRAMKVÆMD

1. Kennarar skrá miðannarmat með bókstaf og umsögn í Innu fyrir ákveðinn dag sem kemur fram á almanaki skólans fyrir hvert skólaár.
2. Skrifstofustjóri tekur út lista úr Innu. Vinnslur, listar, einkunnir bekkja, önn og tegund einkunnar (miðannarmat).
3. Excel listi eftir bekkjum lagaður til og vistaður í skjalasafni 3.4.1.
4. Umsjónarkennarar fá útprentað eintak með sínum bekk.
5. Námsráðgjafar, sálfræðingur og stjórnendur skólans fá eintak með öllum bekkjum.
6. Námsráðgjafar, sálfræðingur og stjórnendur funda um niðurstöður miðannarmats. Nemendur með 1-2 O eru kallaðir í viðtal til umsjónarkennara en þeir sem fá fleiri O eru kallaðir í viðtal til námsráðgjafa, sálfræðings eða stjórnenda.
7. Foreldrar fá tölvupóst með upplýsingum að miðannarmatið sé komið í Innu.

3 TILVÍSANIR

Almanak skólans: <http://www.ma.is/>

Skjalasafn 3.4.1